

Gott kvöld góðir áheyrendur. Ég heiti Björgvin Rúnar Leifsson og þetta er þáttur um Pink Floyd.

Árið 1991 tóku Mason, Gilmour og umboðsmaðurinn O'Rourke þátt í Carrera Panamericana kappakstrinum í Mexíkó. Mason endaði í 6. sæti ásamt aðstoðarmanni sínum en Gilmour og O'Rourke lentu í árekstri þar sem Gilmour slapp með skrámur en O'Rourke fótbrotnaði. Mason segir í bók sinni að þeir hafi verið ljónheppnir að drepa sig ekki og hrósar um leið Wright fyrir að hafa ekki látið kappakstur afvegaleiða sig en þess í stað haldið sig við siglingar í gríska eyjahafinu.

Ári seinna kom út myndbandsspóla um kappaksturinn með lögum eftir Pink Floyd undir heitinu La Carrera Panamericana. Þarna voru eldri lög fyrst og fremst af "A Momentary Lapse of Reason" en einnig ný lög, sem hvergi finnast annars staðar og þar af tvö, sem allir þrír eru skrifaðir fyrir. Í fyrri þáttum sagði ég að síðasta lagið, sem Mason væri meðhöfundur að, væri "Any Color You Like" á "Dark Side of the Moon" og enn fremur að "Shine on You Crazy Diamond" á "Wish You Were Here" væri það síðasta, þar sem Wright væri titlaður meðhöfundur þar til "The Division Bell" kom út. Hér með eru þessi mistök leiðrétt og velvirðingar beðist.

Það merkilega við þessar lagasmíðar var að þær urðu til að miklu leyti á svipaðan hátt og svo mörg verka Pink Floyd á fyrri hluta 8. áratugarins og gáfu um leið tóninn fyrir "The Division Bell". Í stað þess að koma með demó eða tilbúin lög hittust þeir ásamt nokkrum þeirra tónlistarmanna, sem komu að "Delicate Sound of Thunder" tónleikunum, svo sem Gary Wallis, Guy Pratt og Jon Carin. Svo var einfaldlega jammað og impróvíserað. Oftast nær var það Gilmour, sem byrjaði einhverja tónaröð og hinir fylgdu honum eftir.

Sama ár og kappakstursmyndin kom út gaf Waters út sína þriðju sólóplötu, "Amused to Death", með mörgum góðum lögum, svo sem "It's a Miracle". Margir telja þessa plötu bestu sólóplötu Waters en að mínu mati er "Flickering Flame", sem kom út 2002 og er eins konar yfirlit yfir sólóferilinn, betri. Þar er m.a. að finna lagið "Each Small Candle", sem er með því besta, sem Waters hefur samið á sólóferlinum.

Vinnan við "The Division Bell" hófst svo í janúar 1993. Þeir pöntuðu tíma í Britannia Row hljóðverinu og ákváðu að hittast þar daglega í eina viku til að djamma og impróvisera án nokkurra aðstoðarmanna annarra en tæknimannsins. Strax að loknum fyrsta degi voru þeir ánægðir með dagsverkið og fáeinum dögum síðar var kallað á Guy Pratt til að spila á bassann. Mason getur þess að bassaleikur Pratt hafi strax haft áhrif á hljóðfæraleikinn auk þess sem hann hafi breytt áferð tónlistarinnar.

Það óvenjulega var að jammið leiddi yfirleitt strax til einhvers, sem þeir voru ánægðir með og fannst að þeir gætu notað á plötunni, ólíkt því sem var í gamla daga þegar þeir voru langan tíma að búa til eitthvað, sem allir voru ánægðir með, svo sem við gerð "Meddle" og "Wish You Were Here". Upphafslag plötunnar, "Cluster One", sem þið heyrðuð í upphafi þáttarins er lýsandi dæmi um glæsilega samvinnu Gilmour og Wright en þeir hafa báðir sagt í viðtölum að þeir vinni svo vel saman og þekki hvorn annan svo vel að hvor um sig viti yfirleitt hvaða nótu hinn ætlar að slá næst. Lagið "Marooned" er annað dæmi um þessa samvinnu og er eina Pink Floyd lagið, sem hefur fengið Grammy verðlaun, en það var valið besta instrumental rokklag ársins 1995.

Lag: "Marooned"

<https://www.youtube.com/watch?v=P7YMI39sObY>

Öll önnur lög plötunnar eru með textum, sem flestir eru eftir Polly Samson, sem varð seinni kona Gilmour árið 1994. Framlag hennar verður seint ofmetið en hún tók þann kaleik frá Gilmour að þurfa að búa til texta og þar með gat hann einbeitt sér að tónlistinni. Mason segir reyndar að þarna hafi Gilmour fyrst getað búið til tónlist þegar hann þurfti á að halda í stað þess að þurfa langan tíma til að koma frá sér lögnum. Samkvæmt Mason leið þeim öllum vel við gerð "The Division Bell". Baráttan við Waters var að baki og allir tóku þeir jafnan þátt í gerð plötunnar. Wright varð reyndar ekki fullgildur meðlimur í Pink Floyd fyrr en 1994 skv. Wikipedia en samkvæmt viðtali við hann 1996 naut hann þess að koma að gerð plötunnar og minnst ekki orði á að hann hafi haft neinar efasemdir á nokkrum tímamarki eins og Wikipedia lætur liggja að. Mason segir að Wright hafi fundist hann taka fullan þátt í gerð plötunnar og minnst ekki á neinar efasemdir af hans hálfu. Reyndar er eitt lag á plötunni eftir Wright ásamt textahöfundinum Moore, sem starfaði með þeim á "A Momentary Lapse of Reason". Lagið byrjar með ljúfum saxófóntónum Dick Parry en bæði Wright og Gilmour syngja það. Að mínu mati er "Wearing the Inside

Out" með því allra besta, sem Wright samdi á öllum sínum ferli.

Lag: "Wearing the Inside Out"

<https://www.youtube.com/watch?v=X8lzru9NYBA>

Þar sem jammið í Britannia Row gekk mjög vel voru þeir komnir með fullt af efni strax í febrúar 1993. Þá færðu þeir sig yfir í húsbát Gilmour, Astoria, til að vinna frekar úr efni og ákveða hvað færi á plötuna. Þegar þeir voru komnir með u.þ.b. 25 lög ætluðu þeir að hafa mjög lýðræðislega atkvæðagreiðslu um hvað færi á plötuna með því að hver þeirra gaf hverju laganna einkunn á skalanum 1-10 burtséð frá því hver hefði samið verkið. Þetta hefði átt að ganga hratt og auðveldlega fyrir sig, hefði Wright ekki misskilið gersamlega hið undirliggjandi lýðræðishugtak en hann gaf einfaldlega öllu sínu efni 10 stig en öllu öðru núll stig. Samkvæmt Mason tók það hann og Gilmour nokkurn tíma að átta sig á af hverju platan var allt í einu að breytast úr Pink Floyd plötu í Richard Wright plötu. Svipað varð upp á teningnum löngu síðar þegar lög voru valin á safnplötuna "Echoes" en Waters greiddi eingöngu eigin lögum atkvæði.

Smám saman tókst þó samkomulag um lagavalið en þá vantaði nafn á plötuna. Þar sýndist sitt hverjum og í janúar 1994 var platan enn nafnlaus. Þá kom hjálpin úr óvæntri átt. Douglas Adams, sá er samdi "The Hitchhikers Guide to the Galaxy", var mikill Pink Floyd aðdáandi og nógu góður kunningi hljómsveitarmeðlima til að þeir báðu hann um að stinga upp á nafni og þiggja 5000 pund fyrir ómakið, sem hann mætti gefa góðgerðarsamtökum að eigin vali. Hann stakk upp á "The Division Bell" eftir nokkra yfirlegu en þessi orð koma reyndar fyrir í einum lagatextanum á plötunni og þótti meðlimum Pink Floyd súrt í broti að hafa ekki áttað sig á þessu sjálfir.

Við skulum nú hlusta á lagið "Coming Back to Life" eftir Gilmour en það hefst á ljúfum gítartónum, sem eru svo einkennandi fyrir Gilmour og gefa mörgum af hans bestu sólóum lítið eftir.

Lag: "Coming Back to Life"

<https://www.youtube.com/watch?v=TdJzPoessbQ>

Ólíkt "A Momentary Lapse of Reason" hefur "The Division Bell" a.m.k. lauslegt þema um mannleg samskipti; að það að tala saman geti leyst mörg vandamálin. Nafn plötunnar, sem er tekið úr einum textanna, vísar til bjöllu í breska þinginu, sem er hringt þegar atkvæðagreiðsla á að fara fram, þ.e. eins og Mason orðar það, þegar á að fara að taka ákvarðanir. Ýmsir,

þ.m.t. höfundur þessara þátta, hafa talið marga textana vera meira eða minna beina tilvísun í rifrildið við Waters en Gilmour hefur harðneitað því. Mér finnst hins vegar ekkert ólíklegt að þema plötunnar sé að einhverju leyti sprottið af því samskiptaleysi, sem leiddi til þess að hljómsveitarmeðlimir voru beinlínis hættir að tala saman um miðjan 9. áratuginn en eins og Mason bendir á í bók sinni átti það sinn þátt í vinslitunum við Waters.

Lagið "Keep Talking" eftir Gilmour og Wright með texta Samson er lýsandi fyrir þema plötunnar. Í upphafi lagsins heyrir edlisfræðingurinn Stephen Hawking segja nokkur orð, sem Gilmour heyrði fyrst í sjónvarpsauglýsingu og fékk leyfi til að nota á plötunni. Texti Hawking er svohljóðandi:

"For millions of years mankind lived just like animals  
Then something happened which unleashed the power of our  
imagination  
We learned to talk"

Lag: "Keep Talking"

<https://www.youtube.com/watch?v=aFZxm09G87E>

Storm Thorgerson, sem hannaði flest plötuumsög Pink Floyd nema "Piper", "The Wall" og "The Final Cut", lét útbúa tvö risastór málmhöfuð á stærð við tveggja hæða strætisvagna og koma þeim fyrir á akri einum. Höfðunum var stillt upp þannig að þau sneru hvort að öðru eins og þau séu að tala saman en um leið snýr prófill beggja að áhorfandanum á myndinni á plötuumslaginu. Þetta gaf tilfinningu fyrir þriðja andlitinu, sem sneri að áhorfandanum. Skv. sumum heimildum eiga höfuðin að tákna fyrrum meðlimi Pink Floyd, þá Barrett og Waters.

"The Division Bell" kom út á geisladiski um mánaðarmótin mars-apríl 1994 og fór beint í 1. sæti vinsældalista í Bretlandi og Bandaríkjunum. Þrátt fyrir það fékk platan ekki góða dóma hjá gagnrýnendum, sem ekki gátu horft út fyrir Waters tímabilið. Ég vék dálítið að þessu í síðasta þætti og ætla ekki að endurtaka það en bendi á að platan var tilnefnd til Brit verðlaunanna 1995 sem besta plata breskra listamanna en náði ekki kjöri. Mér finnst sjálfum "The Division Bell" vera mjög góð og eins og svo mörg verka Pink Floyd batna við hverja hlustun. Að mínu mati er hún miklu betri en báðar stúdíóplötur 9. áratugarins og í raun lýsandi dæmi um hversu gott samstarf leiðir til miklu betra verks en alger yfirráð eins manns. "The Division Bell" sýndi svo ekki verður um villst að Pink Floyd

gat haldið áfram án Waters og er eina eftirsjáin að þeir skyldu ekki gera fleiri stúdíóplötur en skv. Mason áttu þeir fullt af efni, sem hefði verið þess virði að gefa út.

Strax eftir útgáfuna var farið í tónleikaferðalag, sem lauk í október sama ár í Earl's Court í London. Þessir tónleikar hafa verið gefnir út á geisladiski, myndbandi og DVD og eru í hugum margra jafnvel betri en "Delicate Sound of Thunder" tónleikarnir. Þarna er m.a. að finna langbestu tónleikaútgáfu "Comfortably Numb" að mínu mati. Á einhverjum lokatónleikanna í Earl's Court kom Bob Klose í heimsókn baksviðs og hinn gamli kunningsskapur var endurnýjaður en Klose spilaði með Gilmour á "On an Island" diskinum 2006. Aðspurður hvort hann sæi eftir að hafa hætt í "The Tea Set" rétt fyrir nafnabreytinguna sagði Klose í viðtali í myndinni um Barrett og Pink Floyd 2005 að kannski hefði hann einmitt þurft að fara til að Pink Floyd gæti orðið. Nokkrum árum eftir P.U.L.S.E. tónleikana dúkkaði svo Clive Metcalf upp á kappakstri í Bretlandi og hitti Mason. Af því tilefni sagði fréttamaður einn við hann að honum hlyti að líða eins og hann hefði misst af stóra lottóvinningnum. Metcalf svaraði sallarólegur að hann og Noble hefðu ákveðið að yfirgefa Mason, Waters og Wright vegna þess að á þeim tímapunkti héldu þeir fyrirnefndu að hinir þrír væru meira eða minna vonlausir.

Í lok bókar sinnar segist Mason hafa þjónað þremur skipstjórum á skútunni Pink Floyd. Hinn fyrsti var brjálaði Barrett, sem leiddi þá næstum því til glötunar þangað til uppreisn kom hinum grimma Waters til valda. Seinna meir gekk Waters sinn eigin planki og hinn hæfileikaríki skipstjóri, Gilmour, tók við.

Árið 1996 kom seinni sólóplata Wright út. Platan heitir "Broken China" og er þemaplata um þunglyndi en þriðja kona Wright þjáðist af krónísku þunglyndi. Waters gaf út tónleikamynddiskinn "In the Flesh" árið 2000 og árið 2002 kom út mynddiskurinn "David Gilmour in Concert" en þar eru brot úr tveimur meira eða minna órafmögnum tónleikum Gilmour frá þessum árum. Árið 2005 komu þeir allir saman fram á Live Aid tónleikunum fyrir tilstilli Bob Geldof. Fyrir óvænta tilviljun hittust Waters og Mason 2002 og endurnýjuðu vináttuböndin en líklega byrjaði ekki að gróa um heilt milli Waters og hinna tveggja fyrr en að loknum Live Aid. Ópera Waters, Ca Ira, kom út 2005 og besta sólóplata Gilmour, "On an Island", kom út 2006 á sextugsafmæli hans. Tveir tónleikadiskar fylgdu í

kjölfarið, "Remember That Night" 2007 og Live in Gdansk 2008. Safndiskurinn "Echoes" kom út 2001 og annar safndiskur, "A Foot in the Door", kom út 2011. Árið 2011 fór Waters í tónleikaferðalag með Vegginn og 12. maí það ár flutti Gilmour "Comfortably Numb" með honum. Við sama tækifæri kom Mason ásamt Gilmour upp á svið í loklaginu, "Outside the Wall", og höfðu þeir þá ekki sést saman á sviði síðan á Live Aid 2005. Tónleikaferðalag Waters hefur staðið yfir með hléum síðan 2011 og verður Veggurinn meðal annars settur upp á Parken í sumar. Þá er orðrómur um að Gilmour sé að vinna að plötu og muni fylgja henni eftir með tónleikaferðalagi á næsta ári.

Barrett dó 7. júlí 2006 og Wright dó 15. september 2008, viku áður en "Live in Gdansk" tónleikar Gilmour voru gefnir út, en Wright lék með á þessum tónleikum. Báðir dóu úr krabbameini.

Kæru hlustendur. Þetta verður síðasti Pink Floyd þátturinn minn að sinni. Verði Útvarp Húsavík starfrækt áfram næsta vetur er ég tilbúinn að halda áfram ef áhugi er fyrir hendi. Þá mundi ég m.a. skoða sóló- og samstarfsplötur Pink Floyd meðlima og spila eitthvað af því, sem ég hef sleppt í þessum þáttum, svo sem tónleikaútgáfur af nokkrum lögum. Enn fremur væri ekki úr vegi að kíkja aðeins betur á árin eftir 1994. Þeir sem áhuga kunna að hafa eru beðnir um að fara á heimasíðuna mína, brl.is og svara könnun þar eða senda mér tölvupóst á [brell@simnet.is](mailto:brell@simnet.is).

Ég ætla að ljúka þessum síðasta þætti með síðasta laginu á síðustu stúdíóplötunni, laginu "High Hopes", sem fjallar um uppvaxtarár Gilmour í Cambridge. Í blálökin á laginu má heyra Steve O'Rourke tala við Charlie, stjúpson Gilmour gegnum síma en sá síðarnefndi skellir á og rættist þarna langþráður draumur umboðsmannsins að koma fram á Pink Floyd plötu.

Ég heiti BRL og veit eitthvað þínulítið um Pink Floyd. Ég þakka þeim sem hlýddu og óska ykkur öllum ánægjulegra stunda.

Lag: "High Hopes"

[https://www.youtube.com/watch?v=vDb7px\\_pw10](https://www.youtube.com/watch?v=vDb7px_pw10)

© Björgvin R. Leifsson 2013